



SAMBAND SVEITARFÉLAGA Á SUÐURNESJUM

Skógarbraut 945 · 235 Reykjanesbær · Kt. 640479-0279
Sími: 420-3288 · Netfang: sss@sss.is

Alþingi
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjanesbær 23. febrúar 2017

Efni: Umsögn um frumvarp um farþegaflutninga og farmflutninga á landi, 128. mál

Nefndarsvið Alþingis óskaði eftir umsögn um frumvarp til laga um farþega- og farmflutninga með tölvupósti sem sendur var út þann 10. febrúar s.l.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur unnið náið með Sambandi Íslenskra sveitarfélaga eins og önnur landshlutasamtök á Íslandi að umsögn um fyrrgreint lagafrumvarp.

Mikilvægt er að breytingar á lögum um farþegaflutninga og farmflutninga nái fram að ganga. Unnið hefur verið að breytingum á frumvarpinu frá árinu 2012 án þess að nokkur árangur hafi náðst.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum hefur frá árinu 2008 samkvæmt samningi við Vegagerðina séð um almenningssamgöngur á milli sveitarfélaga á Suðurnesjum og höfuðborgarsvæðisins. Fól það meðal annars í sér umsjón um akstur á „Flugrútnni“. Þann 19. Desember 2013 afturkallaði Vegagerðin einhliða einkaleyfi Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum á þessari leið og gaf leiðina frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar og Reykjavíkur frjálsa.

Hefur Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum stefnt Vegagerðinni og eru dómskvaddir matsmenn að störfum vegna þessa. Því telur Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum nauðsynlegt að skilgreina betur það sem fram kemur í 1.mgr., 7.gr.lagafrumvarpsins að „tryggt skal að samkeppni fái að halda sér á þeim svæðum og leiðum þar sem hún er þegar fyrir hendi“. Taka þarf skýrar fram að sú samkeppni hafi orðið til með löglegum hætti. Auk þess þarf að koma skýrt fram í lögum að ekki sé hægt að útvíkka hinn frjálsa „samkeppnisakstur“ t.d. með því að stoppa í mismunandi sveitarfélögum á leiðinni og taka upp eða setja út farþega, þar sem almenningssamgöngur eru fyrir hendi.

Nauðsynlegt er að það komi fram með skýrari hætti í lögnum hvað er viðurkenndur ferðamannastaður og hvað er útsýnisstaður.

Einnig þarf að tryggja að það einkaréttahafar hafi leyfi til að beita féviti ef einhverjir verða uppvisir að því að misnota t.d. afsláttarkort eða nota falsaða farmiða.

Að öðru leyti tekur Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum undir umsögn Sambands Íslenskra sveitarfélaga um frumvarpið.

Virðingarfyllst,

Berglind Kristinsdóttir
Berglind Kristinsdóttir
Framkvæmdastjóri.